

Sjálfsmatsáætlun veturinn 2009-2010

1. Inngangur

Sjálfsmat er fastur hluti af skólastarfi í FÍV.

Á skólaárinu 2009-2010 verður haldið áfram á sömu braut.

Skólinn er með stefnuskrá sem ásamt markmiðum er birt á heimasíðu skólans og endurskoðuð á hverju ári.

Einnig er margt annað mat í gangi bæði formlegt og óformlegt.

Breytingar á lögum um framhaldsskóla mun hafa umtalsverð áhrif á skólastarfið 2009-2010.

Samkvæmt áætlun skólans verða námskrárbreytingar í öndvegi þetta starfsár, skólinn fékk styrk frá menntamálaráðuneytinu og hefur hafið samstarf við þrjá skóla um þessar breytingar. Eins hafa kennarar sótt námskeið til að vera betur í stakk búnir við þessa vinnu.

Nýjar námsbrautir verða búnar til og þær flokkaðar eftir þrepum. Það er líklegt að sú vinna verði að einhverju leyti á kostnað hefðbundins sjálfsmats.

2. Hvað á að meta?

Við sjálfsmatið eru skoðaðar fjórar víddir skv. stefnukorti skólans.

Viðskiptamannavíddin

Innri ferli

Starfsmenn/þekking UT

Fjármál

2.1 Viðskiptavinir

Kennsla verður metin í könnun sem lögð verður fyrir alla nemendur skólans í öllum námsáföngum í lok nóvember (síðustu kennsluviku haustannar). Niðurstaða þeirrar könnunar verður borin saman við kannanir frá umliðnum árum. Kennarar fá niðurstöður kennslukannana hjá aðstoðarskólameistara og skólameistara. Þar er niðurstaðan rædd. Hvað er gott og hvað má betur fara og markmið næstu anna sett fram. Kennslumatið fer fram á námsskjánum sem er það námskerfi sem notað er í FÍV. Framkvæmd kennslumatsins er í höndum áfangastjóra sem mun endurskoða könnunina og leggja til einhverjar breytingar. Niðurstöður má sjá í næstu sjálfsmatskýrslu.

Námsárangur er metinn með hliðsjón af námsárangri síðustu anna. Þurfum að útbúa staðla til að meta árangurinn á þeim gögnum sem fast úr skólakerfinu.

Skólasókn verður metin og birt í sjálfsmatsskýrslu.

2.2 Innri ferli.

Starfandi eru hópar sem eru að fara yfir gerð nýrrar námskrár og aðlaga skólastarfið að breyttum lögum.

Það þarf að fara yfir öll markmið og aðgerðir sem tengjast þessari vinnu. Setja fram það sem hyggjumst gera í samræmi við ákvæði nýrra laga og hvernig við ætlum að fara að því. Búa til mælikvarða og aðgerðir. Skípa þarf vinnuhóp til að stýra þessum þætti.

2.3. Starfsmenn/þekking UT

Starfsmannasamtöl eru fyrirhuguð á vorönn.

2.4 Fjármál

Í ljósi minnkaðra fjárveitinga til skólans þá þarf að skoða þessa vídd sérstaklega. Skipaður verður starfshópur sem fer yfir þau markmið sem eru í skorkorti. Kemur með hugmyndir um hvort þetta sé nægjanlegt. Í framhaldi verða markmið og aðgerðir endurskoðaðar.

3. Annað

Kennitölur skólans

Í sjálfsmatsskýrslu eru alltaf yfirlit yfir ýmsar kennitölur skólans og úrvinnsla tölfræðilegra gagna.

Lagt er til að skipaður verði starfshópur sem fari yfir þessar tölur og komi með tillögur hvernig best sé að birta þessar upplýsingar. Eins hvort að skólinn geti ekki sett sér einhver markmið varaðandi þessar tölur.